

VERKLAGSREGLUR VEGNA GERÐAR VIÐAUKA VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

1. Markmið

Markmið með þessum reglum er að skýra ferlið við gerð viðauka hjá Sveitarfélaginu Árborg. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum (nr. 138/2011) og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlun og ársreikninga sveitarfélaga (nr. 1212/2015) er fjárhagsáætlun bindandi fyrir yfirstandandi ár og óheimilt að víkja frá áætlun nema bæjarstjórn hafi samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun.

2. Ábyrgð

Forstöðumenn, sviðsstjórar og bæjarstjóri bera ábyrgð á því að fjárhagslyklar stofnana og deilda sem undir þau heyra, fari ekki fram úr fjárheimildum. Einnig bera þessir aðilar ábyrgð á að tillögur að viðauka séu gerðar, ef þarf á að halda, og lagðar fyrir viðkomandi fastanefndir. Tillögur forstöðumanna um gerð viðauka skulu bornar undir viðkomandi sviðsstjóra. Sviðsstjórar og forstöðumenn meta svigrúm innan deildar eða málaflokks. Sviðsstjórar leggja tillögu um viðauka fyrir viðkomandi fastanefnd.

Tillögum fastanefndar skal vísað til afgreiðslu bæjarráðs og síðar bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er ein til þess bær að samþykkja viðauka. Á meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi hefur bæjarráð fullnaðarheimild til þess að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun ef slíkt tilefni kemur upp.

3. Framkvæmd

Þegar taka á ákvarðanir um samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki rúmast innan fjárheimildar gildandi fjárhagsáætlunar, ber að gera viðauka áður en ákvörðun er tekin. Með öðrum orðum ber að gera viðauka vegna útgjalda sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum, fjárfestingum eða tilfærslu milli liða í fjárhagsáætlun í gildandi fjárhagsáætlun. Viðauki er aðeins gildur ef útfært er hvernig fjárhagslegum áhrifum ákvörðunarinnar verði mætt.

Dæmi um nauðsyn þess að gera viðauka er ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsmanna, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða tilfærslu á milli bókhaldsliða/deilda í fjárhagsáætlun.

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.

Ávallt skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin varðar áður en leitað er að svigrúmi annars staðar. Sviðsstjóri skal upplýsa um fyrirhugaða fjárhagslega ráðstöfun utan fjárheimilda á sviðsstjórafundum.

Ekki er þörf á að gera viðauka til samþykktar í bæjarstjórn ef fjárhæð hans er undir 2 m.kr. og svigrúm er innan viðkomandi deildar. Slíkar beiðnir skulu fara til samþykktar fyrir

bæjarráð. Ársfjórðungslega skal taka þær afgreiðslur saman í viðauka og leggja fram til kynningar fyrir bæjarráð.

4. Gerð viðauka

Tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun skal alla jafna leggja fyrir viðkomandi fastanefnd sem vísar tillögu sinni síðan til bæjarráðs. Með tillögu um viðauka sem lögð er fyrir fastanefnd og bæjarráð skal fylgja minnisblað/-gögn um tillöguna ásamt samning eða öðrum upplýsingum um fjárhagslega ráðstöfun sem um ræðir. Í gögnum þarf að koma skýrt fram hver breytingin er, hver fjárhagslegu áhrifin eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Þetta er á ábyrgð viðkomandi sviðsstjóra sem málið varðar. Með gögnum til bæjarráðs vegna viðauka þarf að fylgja minnisblað um eðli breytinganna. Leggi bæjarráð til að viðaukinn verði útfærður á annan hátt en lagt er til skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst. Bæjarráð getur þá óskað eftir að tillagan að viðaukanum verði lögð aftur fyrir bæjarráð eða vísað honum með breytingum til bæjarstjórnar. Gæta þarf að skýrt komi fram í bókun um eðli breytinga, hver fjárhagsleg áhrif eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Í undantekningartilvikum er heimilt að taka viðauka beint til umræðu í bæjarráði.

Þegar bæjarráð hefur lag til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann skal tilkynna fjármálastjóra og/eða starfsmönnum stjórnsýslu- og fjármálasviðs um þá samþykkt. Fjármáladeild útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir og áhrif viðaukans á fjárhagsáætlun, hafi það ekki þegar verið gert. Í reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er að finna ítarlegar kröfur varðandi form og innihald viðauka. Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Eftir að viðauki hefur verið afgreiddur í bæjarstjórn sendir stjórnsýslu- og fjármálasvið upplýsingar til viðkomandi sviðsstjóra, fjármálastjóra og forstöðumanns um hvort tillaga hafi verið samþykkt eða synjað. Viðaukinn skal þá bókaður í bókhaldi sveitarfélagsins.

Fjármáladeild tekur saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega þá viðauka sem samþykktir hafa verið og stillir upp í heildarviðauka við fjárhagsáætlun sem sýnir þá breytingu sem viðaukarnir hafa haft. Heildarviðauki skal lagður fyrir bæjarráð til upplýsinga.

5. Hagstofa

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofunni innan 15 daga frá afgreiðslu. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að það sé gert.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. september 2024